



## Reglur og starfshættir við kennslu og nám

### Viðvera

Viðveruskylda er mismunandi eftir námsbrautum og/eða námsgreinum.

Þó ekki sé viðveruskylda í sumum námsgreinum er ráðlegt að nemendur mæti í sem flesta tíma. Æskilegt er að nemendur mæti stundvíslega til kennslustunda og viðhafi þar kurteisi og háttvísi.

### Einkunnir

Einkunnir skulu gefnar í heilum, eða heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs. Aðaleinkunn reiknast með tveimur aukastöfum, og er 9,0 - 10 ágætiseinkunn, 7,25 - 8,99 er fyrsta einkunn, 6,0 - 7,24 er önnur einkunn, og 5,0 - 5,99 er þriðja einkunn.

Ein einkunn er gefin í hverju námskeiði. Lágmarkseinkunn í námskeiði er **5,0**. Ef um samsetta einkunn er að ræð, t.d fyrir verkefni, próf og fleira er einkunn í námskeiði vegið meðaltal allra prófhluta og þarf nemandi að standast lágmarkseinkunn í öllum prófpáttum. Einkunnir eru birtar þremur vikum eftir próf inni á Uglu – innra vefkerfi EHÍ.

Einkunnir eru ekki gefnar upp í síma.

### Útskrift úr námi

Til að útskrifast verður nemandi að hafa lokið öllum námskeiðum námsbrautarinnar. Gert er ráð fyrir að nemandi fylgist sjálfur með því að öllum námskeiðum sé lokið að fullu í tæka tíð fyrir útskrift. Nemendum á síðasta misseri náms er sérstaklega bent á möguleika á sjúkra- og upptökuprófum.

Takist nemanda ekki að ljúka öllum prófum á reglulegum námstíma, er honum heimilt að taka próf með öðrum hópum sem á eftir koma, sækir hann um það hjá verkefnastjóra námsins. Ekki mega líða meira en þrjú ár eftir að reglulegum námstíma lýkur þar til nemandi klárar þau próf sem hann á eftir. Eftir þann tíma verður viðkomandi að hefja nám að nýju.

### Könnun á kennslu og námskeiðum

Eftir hvert námskeið fer fram rafræn könnun þar sem leitað er eftir mati nemenda á þeirri kennslu sem þeir hafa fengið. Þetta mat er liður í eftirliti með gæðum kennslu og námskeiða og er þátttaka nemenda því afar mikilvæg. Miðað er við að kennslukönnun sé gerð í síðustu viku fyrir próf og að fyrirlögn taki um það bil 5 mínútur, en kennslukönnunin birtist sjálfkrafa á vefsvæði nemandans þegar hann skráir sig inn í vefkerfi Endurmenntunar HÍ.



## Prófreglur

Almennt gildir að prófreglur Háskóla Íslands gilda í Endurmenntun HÍ  
[http://www.hi.is/is/skolinn/log\\_og\\_reglur](http://www.hi.is/is/skolinn/log_og_reglur)

- Nemendur hafi persónuskilríki með mynd aðgengileg fyrir prófgæslufólk þegar próf eru þreytt. Prófgæslufólk merkir við mætingalista.
- Skriflegar prófúrlausnir og verkefni skulu merktar nafni og kennitölu nemanda, nema annað sé tekið fram s.s. prófnúmer.
- Nemendum ber að slökkva á farsímum og afhenda prófgæslufólki til geymslu á meðan próf stendur yfir.
- Hafi nemandi af misgáningi tekið með sér óleyfileg gögn, þá ber honum strax að afhenda þau prófgæslufólki.
- Í prófum er nemendum heimilt að hafa með sér nesti. Lögð er áhersla á að nemendur sýni samnemendum tillitssemi bæði hvað varðar lykt og ónæði sem neysla matvæla kann að valda.
- Nemendum í prófi er óheimilt að aðstoða aðra nemendur í prófi eða leita aðstoðar annarra nemenda. Sama gildir um aðra verkefnavinnu nemenda nema kennari ákveði annað.
- Óheimilt er að fjarlægja nokkurn hluta prófgagna. Þetta gildir um öll gögn, þar með talið rissblöð.
- Nemendum ber að yfirgefa prófstað þegar að próftöku lokinni.

Brot gegn prófreglum Háskóla Íslands og öðrum prófreglum, sem Endurmenntun setur, varða vísun frá prófi og eftir atvikum viðurlögum skv. 24. grein háskólalaga.

Um heimapróf gilda sérstakar reglur sem nemendum eru kynntar hverju sinni



## Veikindi í prófum

Nemandi sem veikist og getur þar af leiðandi ekki þreytt próf, ber að tilkynna um veikindi sín samdægurs á próftíma til Endurmenntunar í síma: 525 4444 eða á netfangið [endurmenntun@hi.is](mailto:endurmenntun@hi.is) og skila læknisvottorði innan þriggja daga. Hið sama gildir ef barn nemanda veikist. Veikist nemandi í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn. Skal læknisvottorði dagsettu samdægurs skilað til Endurmenntunar.

## Endurtaka prófs

Nemandi sem ekki stenst próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað það eða kemur ekki til prófsins og hefur ekki boðað forföll er heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að ganga oftar undir það. Endurmenntun getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á. Sækja verður skriflega um slíkar undanþágur og senda til verkefnastjóra. Nemanda er jafnframt heimilt að endurtaka próf sem hann hefur staðist, ef það er gert í tæka tíð samkvæmt ákvæðum um tímamörk. Um leið og hann byrjar seinna prófið fellur fyrra próf úr gildi.

## Sjúkra- og upptökupróf

Sjúkra- og upptökupróf eru almennt haldin í janúar og maí. Sjúkra/ upptökupróf kemur í stað hefðbundins prófs og skerðir því ekki rétt viðkomandi nemenda til upptökuprófs. Sækja þarf skriflega (í tölvupósti) um sjúkrapróf til verkefnastjóra. Auglýsa skal hvar og hvenær sjúkrapróf verði haldið með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara. Gjaldskrá vegna sjúkra- og upptökuprófa liggur fyrir við upphaf hvers misseris.

## Sérúrræði í prófum

Þeir nemendur sem þurfa á sérúrræðum í prófum að halda eru vinsamlega beðnir um að snúa sér til námsráðgjafa Endurmenntunar.

## Próftaka barnshafandi kvenna

Barnshafandi nemendur öðlast ekki sjálfkrafa rétt til sérúrræða í prófum. Nemendur sem óska eftir sérúrræðum vegna meðgöngu hafi samband við verkefnastjóra, námsráðgjafa og/eða yfirsetufólk á prófstað eftir því sem við á.

## Prófdómarar og réttur nemenda til útskýringa

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera prófdómari.

Skrifleg og verkleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir nema annað sé ákveðið.

Nemandi á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar.

Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur sent inn erindi til fagraðs viðkomandi námsbrautar.



Forstöðumaður skipar prófdómara að fengnum tillögum fagráðs eða ígildi fagráðs. Þá eina má skipa prófdómara sem lokið hafa viðurkenndu háskólaprófi í þeirri grein sem dæma skal og njóta viðurkenningar á starfssviði sínu.

### **Misferli í prófum**

Nemandi sem staðinn er að misferli í prófi er vísað frá prófi og kann að missa próftökurétt í öðrum námskeiðum á próftímabilinu. Þung viðurlög eru í Háskóla Íslands við misferli í prófum og auk missis próftökuréttar getur viðkomandi nemandi hlotið áminningu og orðið fyrir því að vera vikið úr námi, tímabundið eða fyrir fullt og allt, sbr. lið 33. Hið sama gildir um misferli þar sem námsmat felst í öðru en skriflegu eða munnlegu prófi, svo sem ef nemandi leggur fram verkefni, þar sem hann gerir vinnu annars stúdents að sinni eigin.

### **Breytingar á birtri próftöflu**

Fari nemendur fram á breytingu á birtri próftöflu verða allir nemendur sem skráðir eru í viðkomandi námskeið (próf) að samþykkja skriflega beiðni um fyrirhugaða breytingu og senda til verkefnastjóra EHÍ. Kennari eða kennarar viðkomandi námskeiðs verða jafnframt að veita samþykki sitt.